



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIMSÓKN TIL EGILSSTAÐA AFHENDING EYRARRÓSARINNAR Á SEYÐISFIRÐI

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú munu heimsækja Egilsstaði og nágrenni á morgun, föstudaginn 14. febrúar og Seyðisfjörð laugardaginn 15. febrúar.

Heimsókn forsetahjóna hefst í leikskólanum Tjarnarskógi klukkan 10:00 og þaðan verður haldið að Egilsstaðaskóla og Tónlistarskólann á Egilsstöðum þar sem forseti mun ávarpa nemendur og hlýða á dagskrá. Frá Egilsstaðaskóla liggur leiðin í Menntaskólann á Egilsstöðum. Eftir kynningu á skólastarfinu mun forseti ávarpa nemendur á sal skólans, svara fyrirspurnum og snæða í kjölfarið hádegisverð með nemendum og starfsfólki í mötuneyti skólans.

Eftir hádegi munu forsetahjón fyrst heimsækja Hugvang kl. 14:00 en Hugvangur er samheiti nokkurra fyrirtækja í kynningar-, tölvu- og hugbúnaðargeiranum sem mest starfa erlendis en hafa höfuðstöðvar á Egilsstöðum. Frá Hugvangi halda forsetahjón í Egilsstaðabúið og kynnst starfsemi þess. Þaðan liggur leiðin að Hitaveitu Egilsstaða og Fella við Urriðavatn og loks í Sláturhúsið þar sem listamenn hafa starfsstöðvar og fram fer sýningarhald og tónleikar.

Að kvöldi föstudagsins 14. febrúar munu forsetahjón snæða kvöldverð í boði sveitarstjórnar Fljótaldalshéraðs á Hallormsstað.

Laugardaginn 15. febrúar munu forsetahjónin fara til Seyðisfjarðar. Þar afhendir forsetafrúin Eyrarrósina, árleg verðlaun sem veitt eru fyrir framúrskarandi menningarstarf á landsbyggðinni. Eyrarrósina var fyrst veitt árið 2005 og er byggð á samstarfi Listahátíðar í Reykjavík, Byggðastofnunar og Flugfélags Íslands. Dorrit Moussaieff forsetafrú er

verndari Eyrarrósarinnar. Athöfnin hefst kl. 13:00 og fer fram í Skaftfelli á Seyðisfirði, en Skaftfell hlaut Eyrarrósina á síðasta ári.

Á Seyðisfirði munu forsetahjónin einnig hitta nemendur Grunnskólans á Seyðisfirði að morgni laugardagsins 15. febrúar, snæða hádegisverð í boði bæjarstjórnar og taka kl. 15:00 þátt í lokahófi „Hnallþóru í sólinni“, 15 ára afmælisýningar Skaftafells.

13. febrúar 2014

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).